



Félag lóðareigenda Berjamóa

Framkvæmdaáætlun fyri árið 2016

Brýnt er að halda áfram vegaframkvæmdum sem gengið hafa nokkuð vel fram að þessu. Þetta höfum við gert í áföngum og var fyrsti áfangi frá hliði niður fyrir brekku, vegurinn er nokkuð grófur en heldur vel, annar áfangi var frá brekku og áleiðis að gatnamótum 2 en hann á eftir að þjappast nokkuð áður en hægt er að jafna hann betur. Töluvert er eftir til að vegurinn að öllum lóðum geti talist ásættanlegur.

Áætlað er að fá verktaka í þriðja áfanga eins og áður til að keyra efni í veg frá fyrstu gatnamótum upp að lóð no. 17 og frá gatnamótum 2 að lóð 12 eða eins og efni standa til.

Áætlað er að halda áfram að gróðursetja aspir við girðingu á sameiginlega svæði einnig að huga að tætingu og gróðursetningu trjáa meðfram girðingu við þjóðveg.

Eitthvað þarf að huga að girðingum á svæðinu og lagfæra þar sem netið hefur losnað og bælst niður vegna fannfergis aðallega er þetta við lóð 23 og þar eitthvað áleiðis.

Lagfæra þarf hlið við efri veg sem er orðið ansi lúið en gott er að hafa þessa varaleið til þungaflutninga meðan landeigandi leyfir.

Fyrir hönd stjórnar

Guðmundur Ásgeir Eiríksson